



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/431
komudagur 8.11.2012

Skagafjörður, 8. nóvember 2012
nr. erindis 1211004 HSB

Á 608. fundi Byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar 8. nóvember 2012 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Óskað umsagnar um frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur nefndasviði Alþingis þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskar eftir umsögn um frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (flokkun virkjunarkosta og gerð orkunýtingaráætlunar), 3. mál.

Sigríður Svavarsdóttir fulltrúi Sjálfstæðisflokks leggur fram svohljóðandi bókun:

"Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja á það áherslu í umsögn sinni við frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011, að Skatastaðavirkjun C verði sem fyrst færð úr biðflokki í nýtingarflokk í þeirri flokkun virkjunarkosta sem er að finna í þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Virkjun jökulsáanna í Skagafirði hefur verið til athugunar síðan á 8. áratug síðustu aldar og er mikið til af rannsóknargögnum um fyrirhugaða orkukosti. Í athugasemdum Landsvirkjunar við niðurstöður faghópa 2. áfanga rammaáætlunar kemur fram að fjölmörg atriði sem fyrirhugaðar virkjanir kunna að hafa áhrif á séu stórlega ofmetin. Virkjun fallvatna í Skagafirði er undirstaða kærkominnar iðnaðaruppbyggingar á atvinnusvæði sem hefur átt í vök að verjast á undanförunum árum. Eru fyrir því ýmsar ástæður en Skagafjörður hefur ekki farið varhluta af niðurskurði ríkisins sem hefur valdið hlutfallslega meiri fækkun opinberra starfa en í nokkru öðru héraði hér á landi.

Það er því brýn þörf á uppbyggingu fjölbreytts iðnaðar í Skagafirði. Iðnaðar sem krefst menntaðs vinnuafls og greiðir góð laun. Þessi iðnaður þarf á orku að halda og er algjörlega óviðunandi ef stjórnvöld hyggjast veita íbúum Skagafjarðar enn eitt höggið með því að útiloka á næstu árum hagnýtingu umhverfisvænnar orku sem hægt er að framleiða í héraðinu með virkjun jökuláanna til uppbyggingar atvinnulífs.

Þess má geta að í Skagafirði hefur um nokkurra ára skeið verið unnið að því að laða að fjárfestingu á sviði koltrefja- og basalttrefjaframleiðslu og í því skyni verið unnið að margvíslegum undirbúningi, rannsóknum á iðnaðinum og byggingu tengslanets í greininni. Umtalsverðum fjármunum hefur verið varið til verksins. Nýjasti þátturinn í þessu ferli er nám í plast- og trefjaiðnum við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkrúki en það er unnið í samvinnu við finnska og danska skóla, sem og fyrirtækja hér á landi. Í þeim hópi er m.a. að finna alþjóðlega

stoðtækjaframleiðandann Össur sem framleiðir talsvert af sínum vörum úr koltrefjum. Jafnframt hefur verið unnið að þróun umhverfisvænna lausna við framleiðsluferlið, m.a. með notkun rafmagns við eyðingu skaðlegra efna sem verða til við framleiðslu koltrefja í stað þess að eyða þeim með bruna af völdum náttúrugass eða olíu.

Framleiðsla á koltrefjum og basalttrefjum er hátækniíðnaður sem krefst aðgengis að menntuðu starfsfólki og orku. Orkunotkunin er þó lítil í samanburði við margan annan orkufrekan iðnað, auk þess sem umhverfisáhrif eru takmörkuð. Þá yrði starfsmannafjöldi slíkrar framleiðslu bundinn við tugi starfa en ekki hundruð, sem hentar samfélagsgerðinni í Skagafirði vel.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja áherslu á að rannsóknum á virkjanakostum verði hraðað þannig að unnt verði að úrskurða sem fyrst um tilfærslu Skatastaðavirkjunar C úr biðflokki í nýtingarflokk. Sjálfstæðismenn átélja jafnframt þau vinnubrögð sem umhverfis- og iðnaðarráðherrar hafa haft með pólitískri aðför að faglegu ferli við gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði."

Bjarni Jónsson fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs bókar eftirfarandi:

"Vinstrihreyfingin grænt framboð í Skagafirði leggur áherslu á að tryggt verði að Jökulsárnar í Skagafirði ásamt vatnasviði þeirra verði í verndarflokki í tillögum að verndar- og orkunýtingaráætlun landssvæða. Mikil andstaða hefur verið við virkjanaáform í ánum meðal íbúa í Skagafirði og ríkur vilji til þess að vernda Jökulsárnar og stórbrotna náttúru þeirra og huga fremur að vistvænni nýtingu svæðisins. Undirstrikað er mikilvægi þess að vernda Jökulsárnar og ásýnd héraðsins til framtíðar."

Stefán Vagn Stefánsson fulltrúi Framsóknarflokksins bókar eftirfarandi:

"Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Undirritaður leggur á það mikla áherslu að virkjunarkostir í Skagafirði sem nú eru í biðflokki verði færðir yfir í nýtingarflokk. Virkjun og nýting fallvatna Skagafjarðar er einn af lykilþáttum í atvinnuuppbyggingu í heimahéraði ef horft er til framtíðar. Nauðsynlegt er að Skagfirðingar fái að sitja við sama borð og aðrir er kemur að uppbyggingu atvinnukosta í héraði og hafi um það að segja hvernig orkan er nýtt."

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. Byggðarráðs Skagafjarðar



Helga S. Bergsdóttir
Stjórnsýsluritari